

**Nd.**

**646. Nefndarálit**

[217. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með samþykkt laganna um stjórn efnahagsmála 7. apríl 1979 voru tekin upp þau ákvæði, að ríkisstjórnin skuli leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrumvarpi. En áður hafði tekist að afgreiða þessi lánsfjárlög með fjárlögum. Þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli voru lánsfjárlög ekki afgreidd fyrr en 19. maí á s. l. ári. Þá var lofað bót og betrun, en efndir eru þær, að þegar þrír og hálfur mánuður er liðinn af þessu ári sér loks hilla undir afgreiðslu lánsfjárlaga. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fram í þingbyrjun, segir að „fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fram í nóvemberbyrjun á Alþingi og verður þá hægt að meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarmagni framkvæmda í landinu, en miðað er við að fjárfestingar nemi rúmlega fjórðungi þjóðartekna.“ Síðar var send til þingmanna bráðabirgðaskýrsla um opinberar framkvæmdir og erlenda lántöku. Í þeirri skýrslu segir að „vinna við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild sinni er nú vel á veg komin og áformað að leggja hana fyrir Alþingi að loknu jólaeyfi.“ Efndirnar urðu þær, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var lögð fyrir Alþingi um mánaðamótin mars-apríl. Þrátt fyrir þennan vitaverða seinangang, sem brýtur í bága við efnahagslögin frá 1979, taldi ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög á gamlársdag, þar sem hún fær heimild til þess að fresta framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, sem nú er loks verið að afgreiða.

Lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, bera svipmót mikillar aukningar erlendra skulda og útbenslu ríkisbáknsins. Á sama tíma er verulegur samdráttur í fjármunamyndun atvinnuveganna. Þrátt fyrir fullyrðingar ríkisstjórnarinnar um góða afkomu ríkissjóðs á s. l. ári er það staðreynd, að flest stærstu fyrirtæki og stofnanir, sem ríkissjóður á og rekur, tapa milljörðum króna á s. l. ári og eru rekin það sem af er þessu ári með gífurlegum halla.

Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins vísum til nefndarálita sem fulltrúar flokka okkar lögðu fram við afgreiðslu frv. í efri deild.

Við flytjum breytingartillögur við frv. á sérstöku þskj., sem nánar verða skýrðar í framsögu fyrir þeim.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum tillögum en þeim, sem meiri hl. flytur.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Matthías Bjarnason,  
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Sighvatur Björgvinsson.

Albert Guðmundsson.